

flaustursverka gegn“ sér. Þessi ummæli eru móðgandi og meiðandi fyrir þessa tvo menn, sem hér er minnzt á, og ber því að ómerkja þau ex officio.

**Dómsorð:**

Stefndi, Marteinn Björgvinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Halldórssonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Þá greiði stefnandi stefnda kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. apríl 1963.

Nr. 9/1963.

**Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Sigurði Erni Hjálmtýssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómarmennir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Línal.

Fjárdráttur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Ákærði annaðist, eins og rakið er í héraðsdómi, sölu á bifreið Jóhanns Stefánssonar, Skúlagötu 64 í Reykjavík, fyrir samtals kr. 91.000.00. Var andvirðið greitt ákærða með kr. 69.000.00 í peningum, víxli, að fjárhæð kr. 10.000.00, og víxli, að fjárhæð kr. 12.000.00. Í máli þessu er ákærði sóttur til refsingar samkvæmt 247. gr. laga nr. 19/1940 fyrir fjárdrátt á kr. 41.000.00 af fé þessu.

1. Af peningum þeim, sem inn komu fyrir bifreiðina, greiddi ákærði Lofti Jónssyni, Hávallagötu 13 í Reykjavík, kr. 40.000.00, „sem Jóhann skuldaði Lofti og greiðast áttu af söluverði bifreiðarinnar“, eins og segir í kærú Jóhanns

Stefánssonar á hendur ákærða 5. maí 1961. Samkvæmt þessu og öðrum skýrslum málsins þykir mega við það miða, að þessi greiðsla hafi verið ákærða vítalaus.

2. Ákærði afhenti föður Jóhanns, Stefáni Jóhannssyni lögregluvarðstjóra, 10 þúsund króna víxilinn. Var honum það heimilt.

3. Auk þeirra 40 þúsund króna, sem getið er í 1. lið, kveðst ákærði hafa afhent Lofti Jónssyni 29 þúsund krónur af söluverði bifreiðarinnar. Þessu hefur Loftur staðfastlega neitað. Ekkert er fram komið í málinu, er bendir til þess, að Jóhann Stefánsson eða nokkur af hans hendi hafi leyft ákærða slíka ráðstöfun nefndrar fjárhæðar, og engin rök hníga að því, að ákærði mætti telja sér hana heimila. En hvort sem ákærði fékk Lofti fé þetta eða nýtti það sjálfur, varðar meðferð þess ákærða við 2. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

4. Ákærði innheimti fjárhæð 12 þúsund króna víxilsins. Fram er komið, að ákærði greiddi útsvarsskuld Jóhanns Stefánssonar, kr. 6.200.00, og gjöld af bifreið hans. Þá telur ákærði enn til skuldar hjá Jóhanni og sér því rétt að halda eftirstöðvum víxilfjárhæðarinnar. Eins og gögnum málsins er háttað, þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða, að því er varðar meðferð hans á greindri víxilfjárhæð.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Eftir úrslitum sakaratriða verður ákærða dæmt að greiða Jóhanni Stefánssyni kr. 29.000.00 ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og laun verjanda sins fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Hann greiði Jóhanni Stefánssyni kr. 29.000.00

ásamt 7% ársvöxtum frá 25. október 1960 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1962.**

Ár 1962, miðvikudaginn 12. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Þórði Björnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6253/1962: Ákærvaldið gegn Sigurði Erni Hjálmtýssyni, sem tekið var til dóms 21. fyrra mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 27. apríl s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Sigurði Erni Hjálmtýssyni verzlunarmanni, Sólvallagötu 33, hér í borg, „fyrir að hafa dregið sér kr. 41.000.00 af fé Jóhanns Stefánssonar sölumanns, Skúlagötu 64 í Reykjavík. Þar þetta þannig að, að ákærði seldi hinn 26. janúar 1960 fyrir hönd Jóhanns Sigurði Gíslasyni, Suðurgötu 74, Hafnarfirði, bifreið Jóhanns, R 8658, sem Sigurður greiddi þannig: Með peningum kr. 29.000.00 og með bifreiðinni G 1632, metinni á kr. 61.000.00, en hana seldi ákærði síðan Þórarni Þorkelssyni, Brekkulæk 1, Reykjavík, fyrir kr. 62.000.00. Ákærði stóð skil á kr. 50.000.00 af söluverði bifreiðanna.

Atferli ákærða þykir varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. maí 1918 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1930 14/3 í Reykjavík: Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til stjórnarráðsins.

1933 22/4 Rvík: Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

- 1939 6/5 Rvík: Kærður af Sigurgeir Jóhannessyni fyrir vanskil á úri. Látið niður falla, með því að úrinu var skilað.
- 1939 16/6 Rvík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga og 6. gr. laga nr. 51/1928.
- 1939 31/7 Rvík: Kærður fyrir vanskil á innheimtufé, kr. 96.00. Kærði greiddi kæranda þetta fé og afturkallaði hann þá kærana. Málið féll þar með niður.
- 1940 24/8 Rvík: Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 36. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1941 17/4 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 32. gr. og 31. gr. 1. mgr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1942 8/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1944 15/11 Rvík: Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.
- 1947 10/12 Rvík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.  
— 19/11 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1948 15/3 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1951 10/12 Rvík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1952 17/11 Rvík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1953 29/10 Rvík: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
- 1954 25/2 Rvík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1955 11/2 Rvík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
- 1959 18/2 Rvík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 18/2 1959, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.  
— 10/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1961 7/9 Rvík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.  
Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, eru mála-  
vextir þessir:

Ákærði vann hjá fyrirtækinu Jóni Loftssyni h.f., hér í borg, frá því í apríl 1959 og fram í marz 1960. Í janúar 1960 fór Jóhann Stefánsson, þá skrifstofumaður hjá nefndu fyrirtæki, Skúlagötu 64, hér í borg, til útlanda og bað hann ákærða áður um að selja fyrir hann óskrásetta Ford-bifreið hans af árgerð 1954 fyrir hæsta fánlegt verð. Féllst ákærði á að gera það. Jóhann kveður,

að svo hafi verið um talað, að faðir hans, Stefán Jóhannsson lögregluvarðstjóri, Skúlagötu 64, hér í borg, fylgdist með sölu og samþykkti söluverð bifreiðarinnar og gæfi út afsal hennar fyrir hans hönd. Ákærði kveður hins vegar, að umboð sitt til að selja bifreiðina hafi verið algert og hafi hann ekki þurft að fá samþykki föður Jóhanns á söluverðinu.

Ákærði lét síðan skrá bifreiðina á nafn Jóhanns Stefánssonar og hlaut hún merkið R 8658. Því næst seldi hann hana fyrir hönd Jóhanns Sigurði Gíslasyni varaslökkviliðsstjóra, Suðurgötu 74, Hafnarfirði, og var hún þá umskráð og hlaut merkið G 1632. Samkvæmt bifreiðaskrá Reykjavíkur og Hafnarfjarðar gerðist þetta sama dag, 30. janúar 1960, en afsal það, sem ákærði gaf Sigurði fyrir bifreiðinni, er þó dagsett 26. þess mánaðar. Söluverðið var kr. 90.000.00, og greiddi Sigurður það með kr. 29.000.00 í reiðufé og Thaunus sendiferðabifreið sinni af árgerð 1955, er hafði skrásetningarmerkið G 1632 og metin var á kr. 61.000.00. Gengið var frá viðskiptunum í skrifstofu Lofts Jónssonar hjá fyrirtækinu Jóni Loftssyni h.f., og var hann þá viðstaddur og ritaði sem vottur undir afsal bifreiðarinnar ásamt Magnúsi Stephensen Daníelssyni. Ákærði seldi síðan Thaunus bifreiðina, sem hafði nú fengið skrásetningarmerkið R 8658, Þórarni Júlíusi Þorkelssyni húsgagnasmið, þá á Brekkulæk 1, en nú á Hóla-vallagötu 5, hér í borg, á kr. 62.000.00. Greiddi Þórarinn Júlíusi upphæðina með kr. 40.000.00 í reiðufé og tveimur víxlum, öðrum að fjárhæð kr. 12.000.00, en hinum að fjárhæð kr. 10.000.00, samþykktum af honum og tryggðum með veði í bifreiðinni. Um leið gaf ákærði fyrir hönd Jóhanns Þórarni Júlíusi afsal fyrir bifreiðinni, og er það dagsett 5. marz 1960.

Ákærði kveðst hafa staðið skil á andvirði Ford-bifreiðarinnar R 8658 á þann veg, að hann hafi 1) afhent Lofti Jónssyni greindar kr. 29.000.00, 2) afhent sama manni greindar kr. 40.000.00 (víxil), 3) afhent Stefáni Jóhannssyni greindan 10 þúsund króna víxil, 4) greitt fyrir Jókhann Stefánsson opinber gjöld að fjárhæð kr. 6.200.00, 5) greitt kostnað við skrásetningu bifreiðarinnar R 8658 kr. 600.00, en 6) haldið eftir afganginum kr. 4.200.00 vegna þess, að Jóhann hafi skuldað honum 390 dollara. Hefur ákærði tekið fram, að hann hafi fengið fyrrgreindan 12 þúsund króna víxil greiddan og haldið andvirði hans.

Verður nú vikið nánar að sérhverjum þessara liða:

1) Ákærði kveður, að Loftur Jónsson hafi talið sig eiga að fá helming af söluverði Ford bifreiðarinnar, og því hafi hann

afhent honum þær kr. 29000.00, sem Sigurður Gíslason greiddi honum í reiðufé, auk 40 þúsund krónanna, sem ræðir um 2) lið. Fyrir þessu hafi hann einvörðungu haft orð Lofts sjálfs, en Jóhann hafi ekkert minnzt á það við hann, að Loftur ætti að fá einhvern hluta af söluverðinu. Ákærða minnir, að greindar kr. 29.000.00 hafi verið í stórum peningaseðlum og kveður hann, að þegar Sigurður hafi lagt þá á borðið í skrifstofu Lofts, hafi Loftur talið þá og stungið þeim í skrifborðsskúffu sína, án þess að ákærði snerti þá. Hann kveðst hvorki hafa fengið né beðið um kvittun hjá Lofti fyrir móttöku hans á peningunum.

Loftur Jónsson kveður það vera ósatt, að hann hafi tekið við fjárhæð þessari eða nokkrum öðrum peningum við þetta tækifæri, en hann hafi vélritað afsal bifreiðarinnar að beiðni ákærða og samkvæmt því, sem hann og Sigurður báðu um. Hann hafi ekki fylgt með því, hvert kaupverð bifreiðarinnar var, en séð, að Sigurður lagði peningabúnt á borðið og hafi ákærði talið peningana og stungið þeim í vasa sinn. Hann rámi í, að ákærði hafi beðið hann um að telja þá, en eftir því, sem hann man bezt hafi ekki orðið af því, og hafi hann ekki vitað, hve há upphæðin var.

Samprófun Lofts og ákærða, einkum út af greindum kr. 29.000.00, hefur engan árangur borið.

Sigurður Gíslason kveðst hafa greitt fjárhæð þessa út í reiðufé og muni hann það vel, að ákærði taldi peningana, en ekki Loftur, sem verið hafi eiginlega í næsta herbergi, en opið á milli. Ákærði hafi á hann bóginn haft full samráð við Loft um sölu bifreiðarinnar og borið undir hann öll atriði. Hann kveðst ekki geta fullyrt, hvort ákærði eða Loftur tóku við peningunum af borðinu.

Magnús Stephensen Daníelsson, Sogavegi 92, hér í borg, þáverandi skrifstofumaður hjá Vikurfélaginu h.f., sem hafði sömu skrifstofu og Jón Loftsson h.f., kveðst minnast þess, að Loftur kom með ákærða og máské einhverjum öðrum manni í skrifstofuna til hans og bað hann um að rita nafn sitt undir afsal, sem hann var með og aðiljar höfðu þá undirritað. Hafi hann orðið við því, en hann geti lítið borið um viðskiptin. Hann hafi þó heyrt, að verið var að skiptast á bifreiðum, þannig að ákærði lét af hendi Ford bifreið, en fékk í staðinn Thaurus sendibifreið og milligjöf, sem hann minnir að hafi verið milli kr. 25.000.00 og kr. 30.000.00. Hann kveðst þó enga peningaafhendingu hafa séð eða nokkra peninga.

Jóhann Stefánsson kveðst aldrei hafa veitt ákærða heimild

til að afhenda Lofti nefndar kr. 29.000.00 eða nokkurn annan hluta af söluverði Ford bifreiðarinnar, og ef svo hafi verið gert, hafi það verið án vitundar hans.

2) Loftur Jónsson kveður, að ákærði hafi afhent honum kr. 40.000.00 samkvæmt áðurgerðu samkomulagi milli hans og Jóhanns Stefánssonar. Hefur Jóhann staðfest það og kveðst hafa skuldað Lofti þessa fjárhæð.

3) Stefán Jóhannsson kveður, að ákærði hafi afhent honum 10 þúsund króna víxillinn og hafi hann innheimt víxillinn fyrir Jóhann. Hefur Jóhann staðfest það og kveður, að bróðir sinn hafi lánað honum þá fjárhæð.

Ákærði kveðst hvorki hafa fengið né beðið um kvittun frá þeim Lofti eða Stefáni fyrir viðtöku þeirra á fjárhæðunum í 2. og 3. lið.

4) Kristján Eiríksson, gjaldkeri hjá Jóni Loftssyni h.f., Stórholti 18, hér í borg, hefur lagt fram í málinu skjöl, sem sýna að 6. janúar 1960 greiddi ákærði til hans kr. 7.200.00, sem var greiðsla útsvars f. h. Jóhanns Stefánssonar, að 1. marz sama ár voru ákærða endurgreiddar kr. 1.000.00 sem „oftekið útsvar“ og að 8. apríl sama ár voru kr. 6.200.00 afhentar bæjargjaldkeranum í Reykjavík sem útsvarsgreiðsla Jóhanns.

5) Samkvæmt vottorði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 6. júlí s.l., var skrásetningargjald bifreiðarinnar R 8658 30. janúar 1960 kr. 200.00 og talið í bók yfir skráningargjöldin vera greitt af bifreiðareiganda, Jóhanni Stefánssyni. Þá kostaði umskráning bifreiðarinnar á merkið G 1632 samtals kr. 300.00 samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 12. júlí s.l.

Jóhann Stefánsson kveður, að það kunni að vera rétt, að ákærði hafi greitt gjöld þau, sem um ræðir í 4. og 5. lið.

Stefán Jóhannsson hefur borið það, að Jóhann sonur hans hafi beðið hann um að fylgjast með sölu ákærða á bifreiðinni R 8658, gefa afsal fyrir henni og taka við andvirði hennar, að fráskildum kr. 40.000.00, sem hafi átt að ganga beint til Loftssynar. Stefán kveður, að ákærði hafi þó selt bifreiðina án samráðs og vitundar hans og þegar hann hafi komizt að því, hafi hann farið að ganga eftir andvirði hennar hjá ákærða. Ákærði hafi þá skýrt honum frá því, að hann hefði selt bifreiðina manni, Sigurði Gíslasyni að nafni, og fengið fyrir hana aðra bifreið, G 1632, þannig að þeir hefðu skipzt á bifreiðum. Ákærði hefði síðan selt bifreiðina G 1632 manni, Þórarni Þorkelssyni að nafni, á kr. 62.000.00 og afhent Lofti Jónssyni kr.

40.000.00 af upphæðinni, en afgangurinn kr. 22.000.00 hefðu verið tveir víxlar, samþykktir af Þórarni, annar að upphæð kr. 12.000.00, en hinn að upphæð kr. 10.000.00. Kveður Stefán, að ákærði hafi nokkrum dögum síðar afhent honum 10 þúsund króna víxil og hafi hann (Stefán) innheimt hann fyrir Jóhann. Ákærði hafi hins vegar ekki sagzt hafa 12 þúsund króna víxilinn handbæran, en lofaði að afhenda honum hann síðar, en næst þegar hann hafi kafið ákærða um víxilinn, hafi hann sagt hann týndan. Stefán kveðst í fyrstu hafa trúað þeim orðum ákærða, hvað hann hefði fengið fyrir bifreiðina R 8658, en þó nokkru síðar hafi hann (Stefán) spurt Sigurð Gíslason um verðið, og hafi hann þá sagt, að auk bifreiðarinnar G 1632 hefði hann greitt ákærða kr. 29.000.00 í reiðufé fyrir bifreiðina R 8658. Gaf Sigurður honum skriflegt vottorð um þetta, dagsett 2. júlí 1960 (dskj. nr. 4). Stefán kveðst eftir þetta hafa hringt til ákærða og ítrekað við hann, á hvaða verði hann hefði selt bifreiðina, og hafi hann þá sagzt hafa selt hana á kr. 75.000.00. Kveðst Stefán hafa nú sagt honum frá vottorði Sigurðar og hafi þá ákærði játað, að efni þess væri rétt og að hann hefði fengið kr. 29.000.00 sem milligjöf bifreiðanna og bætt því við, að hann hefði afhent Lofti Jónssyni peningana. Stefán kveðst hafa talað skömmu síðar við Loft um málið og hafi hann þá eindregið neitað því að hafa tekið við peningunum.

Sigurður Gíslason hefur staðfest það, að Stefán Jóhannsson hafi talað við hann þó nokkru eftir að hann festi kaup á bifreiðinni R 8658, og hafi hann þá skýrt honum frá því, hvað hann greiddi fyrir bifreiðina og gefið honum hið skriflega vottorð um það.

Ákærði kveðst hins vegar hafa skýrt Stefáni Jóhannssyni strax frá því, þegar hann spurði um það, að ákærði hefði fengið, auk bifreiðarinnar G 1632, sem hann hefði selt á kr. 62.000.00, kr. 29.000.00 í reiðufé í milligjöf. Neitar ákærði því að hafa sagt Stefáni í fyrstu, að slétt skipti hefðu orðið á bifreiðunum R 8658 og G 1632 eða að hann hefði selt fyrrnefndu bifreiðina á kr. 75.000.00.

Samprófun ákærða og Stefáns hefur engan árangur borið.

Í marz mánuði eða snemma á árinu 1960 voru ákærði, Jóhann Stefánsson og Loftur Jónson staddir í Frankfurt-am-Main í Þýzka-landi. Hefur Loftur borið það, að eitt sinn, er þeir ræddu saman þar í veitingahúsi, hafi ákærði sagt, að hann hefði ekki fengið nema kr. 70.000.00 fyrir bifreiðina R 8658. Ákærði hefur mót-

mælt því að hafa sagt þetta. Jóhann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, að ákærði segði þeim, hvert hefði verið söluverð bifreiðarinnar.

6) Ákærði kveður, að atvik að 390 dollara skuld Jóhanns hafi verið þau, að í september 1959 hafi ákærði verið staddur í Bandaríkjunum og fengið þá bréf frá Lofti Jónssyni, þar sem ákærði var beðinn um að kaupa notaða bifreið fyrir Jóhann og athuga, hvort ákærði gæti ekki fengið lán hjá systur sinni, sem heima á í Springfield í Connecticut, til kaupanna. Hafi ákærði orðið við þessu og keypt bifreið fyrir 390 dollara, sem systir hans eða eiginmaður hennar lánaði honum. Sé þetta Ford bifreiðin, sem ákærði seldi fyrir Jóhann.

Fyrirgreint bréf Loftis til ákærða hefur verið lagt fram í málinu (dskj. nr. IX) og segir þar m. a.: „Ef þetta er svona, þá treysti ég því, að þú sláir ca. 2—3 hundruð dollara lán hjá systur þinni, sem þú svo notaðir til kaupa á sæmilegum bíl fyrir vininn. Dollarana getur þú svo alltaf sent systur þinni, er heim er komið, en Jói hefur engin tók á að útvega þennan gjaldeyri í hveli“. Og enn fremur: „Þú athugar þetta vandlega og treysti ég því, að þú bjargir Jóa með þetta, þar sem hann bindur allt sitt traust við þig í þessu máli.“

Loftur Jónsson hefur borið það, að Jóhann Stefánsson hafi skýrt honum frá því, að hann hefði beðið ákærða um að kaupa notaða bifreið í greindri Bandaríkjaferð. Kveðst Loftur hafa þurft að skrifa ákærða bréf vestur um haf og Jóhann beðið hann um að minna ákærða á að kaupa vandaða bifreið. Sendi hann síðan ákærða bréfið á dskj. nr. IX og kveðst að sjálfsögðu hafa gengið út frá því, að lánið til kaupa á bifreiðinni væri honum óviðkomandi, en aðeins mál þeirra Jóhanns og ákærða. Ákærði hafi svo komið með bifreið að vestan og kveðst Loftur hafa látið hann fá fé til að greiða flutningsgjald hennar og toll hér. Hann hafi þó ekki krafist ákærða um endurgreiðslu þessara útgjalda, þegar Sigurður keypti bifreiðina, þar eð hann hafi þá haldið, að um hrein bifreiðaskipti væri þar að ræða og peningagreiðsla Sigurðar til ákærða við þetta tækifæri kæmi þeim skiptum ekki við og væri þeirra einkamál. Þá kveðst Loftur þó nokkru eftir að Sigurður eignaðist bifreiðina hafa fengið reikning og reikningsyfirlit frá útflytjendum hennar, North Starlight Export Corp. í New York, þar sem fyrirtækið hafði skuldað Jón Loftsson h.f. fyrir 210 dollurum vegna kaupsverðs bifreiðarinnar. Hafi þetta komið honum algerlega á óvart, þar sem

hann hafði aldrei samþykkt það, en Jón Loftsson h.f. hafi greitt fjárhæðina.

Hefur Loftur Jónsson lagt fram í málinu greindan reikning (dskj. nr. XI) og reikningsyfirlit (dskj. nr. X). Reikningurinn, sem er vélritaður, er frá nefndu fyrirtæki í New York, dags. 29. október 1959, til Jóhanns Stefánssonar yfir Ford(bifreið) 1954 ásamt kostnaði, að fjárhæð samtals 210 dollara. Yfirlitið, sem er handritað, sýnir farmsendingar til „Jon Loftsson“ og m. a. er 20. nóvember 1959 tilgreind Ford bifreið 1954 á 210 (dollara) „NO CREDIT“.

Ákærði hefur ekki kannast við, að reikningurinn á dskj. nr. XI geti varðað bifreið þá, sem hann keypti fyrir vestan og um ræðir í máli þessu, og kveður að fleiri reikningar frá sama fyrirtæki vegna bifreiðakaupa hafi ekki reynzt réttir.

Jóhann Stefánsson kveðst hafa beðið ákærða um, áður en hann fór vestur um haf, að hjálpa honum til að greiða verð bifreiðar, sem hann kynni að kaupa fyrir hann þar. Loftur Jónsson hafi svo sagt honum, að ákærði hefði ekki haft peninga til að greiða verð bifreiðarinnar og hefði Loftur lagt út 390 dollara, en síðan skuldfært hann (Jóhann) fyrir þeirri fjárhæð í viðskiptum þeirra. Telur Jóhann sig því ekki skulda ákærða neitt vegna bifreiðarkaupanna.

Í málinu hefur borið vitni Sigríður Eyja Henderson, eiginkona Frank Henderson, til heimilis að 61—15 97th Street, Forest Hill 74, New York, en þau hjónin eiga og reka fyrirtækið North Starlight Export Corp. Hún minnst þess, að um haustið 1959 kom ákærði í fyrirtækið og þá a.m.k. einu sinni eða tvisvar með Magnúsi Óskarssyni lögfræðingi. Ákærði, sem kvaðst vera í viðskiptaerindum fyrir fyrirtækið Jón Loftsson í Reykjavík, hafi farið inn í Bandaríkin til að hitta systur sína, og þegar hann kom aftur eftir nokkurn tíma, hafi hann samið um kaup á tveimur bifreiðum ásamt bifreiðavarahlutum fyrir milligöngu fyrirtækis þeirra hjóna og haft orð á því, að bifreiðarnar keypti hann fyrir fólk, sem væri á vegum fyrirtækisins Jóns Loftssonar. Báðar bifreiðarnar hafi verið notaðar fólksbifreiðar og hafði önnur verið áður í eigu símafyrirtækis. Sigríður Eyja kveðst ekki muna, hvert verð bifreiðanna var eða hve hárrí fjárhæð þessi viðskipti ákærða námu. Hún kveður, að áður en hann fór inn í landið, hafi hann lagt til fyrirtækis þeirra hjóna rúmlega 200 dollara, að því er hún heldur, en hún geti ekki borið um, hvort hann greiddi síðar frekari fjárhæðir eða hvort

hann hafði gert að fullu upp greiðslu til fyrirtækisins, er hann fór til Íslands. Hún kveður eiginmann sinn hafa vélritað dskj. nr. XI og heldur, að það sé afrit af reikningi yfir fyrrgreinda símabifreið. Þá kvaðst hún þekkja rithönd eiginmanns síns á dskj. nr. X, sem sé ljósmynd af yfirliti yfir viðskipti fyrirtækis þeirra hjóna og fyrirtækisins Jóns Loftssonar.

Magnús Óskarsson lögfræðingur, Sólheimum 23, hér í borg, kveðst hafa hitt ákærða í New York á tilgreindum tíma og eitt sinn hafi þeir farið til fyrirtækisins North Starlight Export Corp., þar sem ákærði hafi gert ýms persónuleg innkaup og rætt við Henderson um ýms viðskipti. Ákærði hafi haft hug á að kaupa notaða bifreið og lagt drög að kaupum fólksbifreiðar og muni Henderson hafa átt að vera milligöngumaður um þau og sjá um sendingu bifreiðarinnar til Íslands. Magnús kveðst ekki hafa vitað, hvert verð hennar var eða átti að vera og ekkert hafi verið minnst á það, hvort ákærði var að kaupa bifreiðina fyrir sjálfan sig eða einhvern annan. Ákærði hafi í þetta skipti greitt til fyrirtækisins dollara í reiðufé og máskje einnig tékka, en hve háa fjárhæð geti hann ekki sagt um og megi vel vera, að eiginkona Hendersons hafi frekar en hann tekið við peningunum. Magnús kveðst hafa vitað, að ákærði ætlaði bráðlega til Íslands og haft orð á því við hann, hvað hann hefði mikla peninga svona í ferðalok, en hann kvaðst þá hafa fengið peninga hjá systur sinni í Connecticut, en nefndi ekki upphæðina. Ákærði hafði svo fengið kreditnótu fyrir greiðslunni og kveðst Magnúsi hafa skilizt, að hún ætti að nægja til lúknningar á notaðri fólksbifreið. Annað fé hafi hann ekki séð ákærða afhenda þeim hjónum, þegar frá sé skilin staðgreiðsla hins áðurgreinda persónulega varnings. Magnús kveðst hafa verið í förum inn í Bandaríkin, en bjóst við að koma aftur eftir dálítinn tíma til New York. Hafi ákærði beðið hann um að fara þá til Henderson og fylgjast með kaupum og flutningi bifreiðarinnar, ef ekki væri búíð að ganga frá því máli. Hann hafi lofað að gera það og um mánuði seinna hafi hann talað við Henderson, sem sagði honum þá, að bifreiðin væri farin áleiðis til Íslands.

Öll framangreind vitni hafa staðfest framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti.

Um 1) lið.

Ákærði hefur eigi fært neitt sérstakt fram, sem er til styrktar þeim framburði hans, að hann hafi afhent Lofti Jónssyni greindar kr. 29.000.00. Hins vegar hafa komið fram í málinu nokkur

atriði, sem draga úr sennileika framburðar hans og jafnframt styrkja gagnstæðan framburð Lofts og eru þau einkum þessi:

a) Jóhann Stefánsson kveðst aldrei hafa veitt ákærða heimild til að afhenda Lofti hluta af söluverði bifreiðarinnar, og hefur ákærði viðurkennt það.

b) Ákærði kveður, að Loftur hafi talið sig eiga að fá helming af söluverði bifreiðarinnar, en það var kr. 45.500.00. Ef ákærði hefði afhent Lofti nefndar kr. 29.000.00 auk 40 þúsund krónanna, sem getur í 2) lið, hefur hann afhent honum kr. 69.000.00 eða kr. 23.500.00 umfram það, sem hann kveður, að Loftur hafi talið sig eiga að fá.

c) Ákærði kveðst ekki hafa beðið Loft um kvittun fyrir viðtöku hans af hluta af söluverði bifreiðarinnar, sem lá þó beinast við að gera, og það því fremur, ef hann hefði afhent Lofti langtum hærrí fjárhæð en hann taldi sig eiga að fá.

d) Ósönnuð er sú staðhæfing ákærða, að Loftur hafi talið peningana kr. 29.000.00, og jafnframt ber Sigurður Gíslason, að svo hafi ekki verið og Loftur sjálfur kveður, að ekki hafi orðið af því, eftir því sem hann muni best.

ð) Sannað er með framburðum Lofts og Sigurðar, að ákærði taldi peningana, þó að hann hafi haldið því fram, að hann hafi ekki snert þá.

e) Telja verður sannað með framburðum þeirra Stefáns Jóhannssonar og Jóhanns sonar hans, að ákærði hafi átt að selja bifreiðina með vitund Stefáns og í samráði við hann, en hvorugt gerði hann.

f) Stefán kveður, að ákærði hafi tvívegis sagt honum ósatt um söluverð bifreiðarinnar og ekki sagt sannleikann fyrr en hann hafði skýrt honum frá vottorði Sigurðar um verðið. Vottorð þetta þykir styðja framburð Stefáns, enda hefði verið óþarfi fyrir hann að afla þess, ef ákærði hefði verið búinn að segja honum hið rétta söluverð bifreiðarinnar.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að ákærði hafi afhent Lofti Jónssyni margnefndar kr. 29.000.00 af söluverði bifreiðarinnar R 8658 eða staðið Jóhanni Stefánssyni skil á þeim með öðrum hætti.

Um 2) og 3) lið.

Með skírskotun til þess, sem sagt var í þeim liðum hér að framan, er sannað, að ákærði hefur staðið skil á þargreindum upphæðum, samtals kr. 50.000.00.

Um 4) lið.

Sannað er, að ákærði hefur greitt útsvar fyrir Jóhann Stefánsson, að fjárhæð kr. 6.200.00, sem ber að koma til frádráttar kröfum hans á hendur ákærða.

Um 5) lið.

Sannað er, að ákærði hefur greitt fyrir Jóhann Stefánsson skrásetningargjald bifreiðarinnar R 8658 svo og kostnað við umskráningu hennar, samtals kr. 500.00, sem ber að koma til frádráttar fjárköfum hans á hendur ákærða.

Um 6) lið.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fengið 12 þúsund króna vixilinn, sem Þórarinn Júlíus Þorkelsson lét hann fá greiddan og haldið andvirðinu. Telur hann, að sér hafi þetta verið heimilt, þar eð hann hafi útvegað Jóhanni Stefánssyni 390 dollara lán og notað það til kaupa á bifreiðinni fyrir vestan haf, en lán þetta hafi verið ógreitt. Ákærða hefur þó ekki tekizt að færa sönnur á, að hann hafi greitt nefnda fjárhæð vegna bifreiðarinnar, sem hann keypti fyrir Jóhann. Framburðir Magnúsar Óskarssonar og Sigríðar Eyju Henderson sýna þó, að ákærði hefur afhent reiðufé til fyrirtækisins North Starlight Export Corp., sem hafði milligöngu um kaup bifreiðarinnar og sá um flutning hennar hingað til lands. Skildist Magnúsi, að upphæðin ætti að nægja til lúkningar á notaðri fólksbifreið, og Sigríður Eyja heldur, að ákærði hafi lagt inn til fyrirtækisins rúmlega 200 dollara, áður en hann fór inn í landið til að hitta systur sína, en þar eð ákærði keypti ýmislegt fleira en umrædda bifreið hjá fyrirtækinu, verður ekki fullyrt, að þessar fjárafhendingar ákærða hafi einmitt verið til greiðslu á margnefndri bifreið, þó að svo gæti verið. Ennfremur er á það að líta, að nefnt fyrirtæki hefur í nóvember 1959 fært í reikning fyrirtækisins Jóns Loftssonar h.f. 210 dollara vegna kaupverðs á Ford bifreið 1954, og kveður Sigríður Eyja, að þetta hafi verið önnur af þeim tveimur bifreiðum, sem ákærði festi kaup á fyrirl milligöngu fyrirtækis þeirra hjóna.

Samkvæmt þessu verður að telja, að ákærða hafi verið óheimilt að halda fullu andvirði 12 þúsund króna vixilsins, heldur hafi honum borið að standa Jóhanni Stefánssyni skil á því, en að frádregnum kr. 6.200.00 + kr. 500.00 í uppgjöri við hann.

Niðurstaðan verður því sú, að ákærði hefur staðið skil á kr. 40.000.00 + kr. 10.000.00 + kr. 6.200.00 + kr. 500.00 eða samtals kr. 56.700.00, en ekki staðið skil á kr. 34.300.00 af söluverði bifreiðarinnar R 8658, kr. 91.000.00.

Með tilvísun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómariinn, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi dregið sér kr. 29.000.00 af söluverði bifreiðarinnar og þannig gerzt sekur um brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940.

Hins vegar kann að vera, að ákærði hafi lagt út eitthvert fé í Bandaríkjunum vegna kaupa á bifreiðinni og að ástæðan fyrir því, að hann stóð ekki skil á kr. 34.300.00, að frádregnum kr. 29.000.00, þ. e. kr. 5.300.00, hafi verið sú, sem ákærði heldur fram, að hann hafi talið sér vera heimilt að halda eftir af söluverðinu, sem þeim útgjöldum hans næmi. Þykir dóminum því varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi með vanskilum sínum á nefndum kr. 5.300.00 gerzt sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. hegningarlaganna, og ber því að sýkna hann af þeirri ákæru.

Þykir refsing ákærða með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði.

Af hálfu Jóhanns Stefánssonar hefur þess verið krafizt, að ákærði greiði honum andvirði bifreiðarinnar R 8658, kr. 91.000.00, að frádregnum kr. 40.000.00, sem ákærði afhenti Lofti Jónssyni, og víxlinum að fjárhæð kr. 10.000.00, sem hann afhenti Stefáni Jóhannssyni, þ. e. kr. 41.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá gjalddaga fyrrnefnds 12 þúsund króna víxils, 25. október 1960, til greiðsludags.

Ákærði hefur ekki samþykkt bótakröfu þessa, en samkvæmt niðurstöðu málsins ber að taka hana til greina, þó þannig, að hún verður lækkuð í kr. 34.300.00.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 3.500.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Örn Hjálmtýsson, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði greiði Jóhanni Stefánssyni kr. 34.300.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 25. október 1960 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 3.500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.